

kosinn til að gjóra um deilumál lúterskra þjóða. Hann var nú orðinn hinn mikli stjórnmálamaður, og bráðum átti hann meira að verða.

Heppni hans hafði kennt honum eitt, að það var hægt að endurreisa hið veraldlega vald páfadæmisins, án þess að vinna aftur kyrkjuríkið. Hann sá nú að smáriki var að eins hlekkur um fætur hins kyrkjulega valds, og frá þeirri stund hætti hann alveg að berjast fyrir eignarrétti kyrkjunnar á tilteknu landsvæði, sem áður hafði verið aðaláhugamál kaþólskra manna. Þegar hann minnist á kyrkjuríkið opinberlega, gjörir hann það með svo hægum orðum, að helzt lítur út, að hann sé að geðjast hinum gömlu deyjandi kröftum í kaþólsku kyrkjunni. Hann hefir einbeittlega barist á móti því, að kaþólska kyrkjan beitti Ítalíustjórn brögðum í tillögum við erlend ríki. Og það er eitt sem efst hefir vald pásaveldisins.

Nútíminn einkennir sig frá liðna tímanum í því, að koma hugsjónunum í fast form. Kyrkjan sem síðferðislegt af er nú miklu aßlmeiri, enda frá veraldlegu sjónarmiði, heldur en su kyrkja, sem byggir á því, að ráða ríki. Ætli fáeinan ferhyrningsmíslur gætu aukið eða minkað veldi Leos XIII.? Mundi landstjórn nokkurra presta geta staðist á þessum tíma? Mundi fáeinan þúsundir hermannar í nokkru auka vald hins kaþólska kyrkjuhöfðingja? Leo XIII. sá það, að nýr tími heimtar nýja tilhögun.

Veturinn 1887 komu til Rómaborgar tveir kaþólskir menn frá Ameríku, Gibbons kardináli og Ireland erkibiskup. Þeir voru báðir mestu frainkvæmdarmenn, skarþvitir og höfðu fjölhæfa mentun. Þeir veru mjög mikils metnir í Ameríku, og áhrif þeirra náðu langt út yfir takmörk kyrkjunnar kaþólsku. Þeir komu til að tala máli verkamannafélags, sem nefndi sig „Varnarlið vinnulýðsins“. Biskuparnir höfðu bannað kaþólskum mönnum að vera í félagi þessu. En Gibbons og Ireland og ýmsir mikils metnir kyrkjumenn sáu, að þannig löguð pólitík átti eigi við í Ameríku. Þeir komu því til að skyra þetta mál fyrir pásanum. Þeir voru báðir hreinir og einlægir páfatrúar-menn. En þeir voru líka báðir Bandarsíkjumenn í húð og hár.